


# Starfsáætlun Arnarsmára 2018 – 2019



# Starfsáætlun Arnarsmára leikskólaárið 2018 – 2019

## 1 Inngangur

Allar helstu upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu Arnarsmára <http://arnarsmari.kopavogur.is/> og í skólanámsskránni <http://arnarsmari.kopavogur.is/um-skolann/skolanamskra-arnarsmara/>

## 2 Um leikskólann

### 2.1 Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Arnarsmári er fimm deilda leikskóli með rými fyrir 85 börn.

Heildarrými á hvert barn er u.þ.b. 7,3 fm. .

Grunnflötur hússins er 627 fm. .

Lóð leikskólans er 4.666 fm og hefur hún boðið upp á fjölbreytta leikmöguleika. En leiktæki, girðing og jarðvegur er úr sér gengið og var byrjað á miklum endurbótum á lóðinni strax í sumarlokun 2018 og verkið vonandi klárað á skólaárinu 2018-2019. Útsýni frá skólanum er mikið og fagurt.

### 2.2 Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur og skipulag

Leikurinn, hinn frjálsi sjálfsprottni leikur, er kjarninn í öllu starfi Arnarsmára og honum gefinn góður tími. Lögð er áhersla á að skipulag og búnaður stuðli að fjölbreyttum leik barnanna, veki forvitni þeirra og virkni.

Markvisst er unnið með einkunnarorð skólans sem eru frumkvæði, vinátta og gleði.

*Frumkvæði* í hugsun, leik og starfi með því að ýta undir skapandi hugsun og sjálfshjálp barnanna, þau leiti sjálf lausna í verkefnum og leysi deilur á jákvæðan hátt.


*Vinátta*, þá er átt við vinsemd, vingjarnlegheit, samkennd, samvinnu og samhjálp og er markmiðið að kenna börnunum og laða fram hjá þeim þessa þætti.

*Gleði*, með því að ýta undir frumkvæði og vináttu og með því að hafa skýrar reglur þ.e. aga, þá verða börnin örugg um sig, það þýðir vellíðan og ánægju.

Lýðræðisleg vinnubrögð og sveigjanlegt skipulag ýtir undir afslappaðra andrúmsloft og meiri gleði.

Í Arnarsmára iðka börn og kennarar dyggðir og tekin er fyrir ein dyggð á 5–8 vikna fresti og lögð sérstök áhersla á hana. Dyggðirnar eru *iðjusemi*, *tillitssemi*, *heiðarleiki*, *agi og hlýðni*, *virðing*, *kurteisi* og *fyrirgefning*. *Undirdyggðir eru þolinmæði*, *kærleikur*, *hugrekki*, *þakklæti*, *friður*, *umburðalyndi* og *hjálpsemi*.

Arnarsmárasólin inniheldur frumkvæði, vináttu og gleði og sendir frá sér geisla sem hver um sig er ein dyggð.



Unnið er með vináttuverkefni frá Barnaheillum sem er forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum. Það er gert með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Þátttaka allra; barna, starfsfólks og foreldra er grundvöllur þess að vel til takist.

Verkefninu fylgir taska sem inniheldur kennsluleiðbeiningar og bangsa sem heitir **Blær** og er táknmynd vináttunnar í verkefninu. Í töskunni eru jafnframt ýmsar leiðbeiningar fyrir kennara, nuddhefti, samræðuspjöld, veggspjöld, tónlistardiskur o.fl. Einnig fær hvert barn lítinn hjálparbangsa. Þetta verkefni var þróað í Danmörku og er ætlað börnum frá þriggja ára en verið er þróa verkefni fyrir börn frá eins árs. Í Arnarsmára hefur þetta líka verið notað með yngstu börnunum en staðfært fyrir þau. Þetta er góð viðbót við vináttuna og dyggðirnar sem hefur verið rauður þráður í gegnum árin í Arnarsmára.

Haustið 2015 gerðist Arnarsmári **Sólblómaleikskóli**. Í því felst að leikskólinn styrkir eitt ákveðið barn í SOS Barnaþorpi eða styrkir samtökin á annan hátt, t.d. með söfnun einu sinni á ári eins og Arnarsmári hefur ákveðið að gera. Elstu börnin, Gullmolarnir útbúa bauk sem safnað er í allt skólaárið, t.d. alltaf þegar foreldrum er boðið í skólann og fara svo með innihald bauksins og afhenda Barnaheillum.

Sólblómaleikskólar fá tilbúið efni frá SOS Barnaþorpunum, til að mynda veggspjöld þar sem mismunandi lönd eru kynnt og saga ákveðinna barna í barnaþorpum sögð, stuttmyndir, sólblómafræ til að sá og margt fleira. Fræðsluefnið stuðlar að því að börnin á Sólblómaleikskólum fræðast um börn í öðrum löndum, hvernig þau búa við aðrar aðstæður og hvernig aðstæðurnar eru sambærilegar. Börnin fræðast um önnur lönd og aðra menningarheima og læra hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lifnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja í sínu umhverfi.

**Útikennsla** er ríkur þáttur í starfi skólans en markvisst var byrjað með hana árið 2009. Öll námssvið eru fléttuð inn í útinámið, hvort sem um er að ræða heilbrigði og vellíðan, læsi og samskipti, sköpun og menningu eða sjálbærni og vísindi. Einnig eru einkunnarorð skólans, dyggðirnar og þemað alltaf haft að leiðarljósi í útikennslu sem og í öllu námi barnanna í Arnarsmára.

*Uppbygging sjálfsaga - Uppeldi til ábyrgðar* er uppeldisstefna sem starfað er eftir í Arnarsmára. Þessi stefna hefur mikinn samhljóm við starfið í skólanum og hafa allir kennarar skólans farið á námskeið í þessum fræðum.

Stefnan miðar að því að kenna börnum sjálfstjórn og sjálfsaga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og ekki síst að börnin læri af mistökum í samskiptum og nái að vaxa af þeim. Að skapa aðstæður til að leiðrétta mistök sín og gera betur og snúa aftur til hópsins hugdjarfari en fyrr.

### **Læsi.**

Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Áhersla er á að efla málþroska, orðaforða og hlustunarskilning barna og styrkja getu þeirra til lesturs og lesskilnings.

## Þema

Leikskólaárinu er skipt upp í þematímabil sem eru eins frá ári til árs en að sjálfsögðu er efnið unnið á mismunandi hátt hverju sinni. Með þessu fæst góður hrynjandi í árið og eins er hægt að byggja sífellt ofan á fyrri reynslu.

sept-okt	náttúran, litirnir
okt-nóv	ég sjálfur og fjölskyldan mín
desember	jólin
jan-mars	samfélagið fyrr og nú
apríl-maí	náttúran, húsdýrin

Ég sjálfur er þema sem er alltaf í gangi með allra yngstu börnunum. Fylgst er með náttúrunni allt árið.

Árgangarnir í Arnarsmára hafa allir fengið nafn:

- **Grjón**, eins til tveggja ára börn
- **Gormar**, tveggja til þriggja ára börn
- **Grallarar**, þriggja til fjögurra ára börn
- **Garpar**, fjögurra til fimm ára börn
- **Gullmolar**, fimm til sex ára börn

Fyrir nokkrum árum var gerð sú breyting á skipulagi skólans að fimmta deildin, Gulldeild var stofnuð og allar deildir gerðar aldurshreinar. Með því telja kennarar skólans mun markvissara unnið með hvern árgang.

Gulldeildin er staðsett í hreyfisalnum og skipulögð hreyfing fer fram í Smáranum og Fífunni fyrir þrjá elstu árgangana, einu sinni í viku en fyrir tvo yngstu árgangana útbýr íþróttakennari skólans hentugt svæði einu sinni í viku.

Árgangar eru misstórir, þannig að skipulag innan skólans verður að vera mjög sveigjanlegt, þ.e. hvernig húsnæðið er nýtt og er það ögrandi að finna lausnir hvert ár en kennarar í Arnarsmára eru einmitt mjög færir í því, þ.e. að finna lausnir og vera sveigjanlegir.

Dagskipulag í Arnarsmára er í grófum dráttum eftirfarandi:

07:30-08:15	Leikskólinn opnaður, frjáls leikur (á rólegu nótonum)
08:15-09:00	Morgunverður
09:00-09:15	Vinafundur
09:15-11:15/45	Frjáls leikur, val, hópavinna, tónlist, leikfimi, útivera.
11:00-11:15	Samverustund, söngstund, yngri deildir.
11:15-12:00	Hádegisverður – yngri deildir.
12:00-12:30	Hvöld, róleg stund, yngri börn (þau yngstu sofa lengur).
11:50-12.10	Samverustund, söngstund, eldri deildir.
12:10-12:35	Hádegisverður, eldri deildir.
12:35-13:00	Hvöld, róleg stund, eldri deildir.
13:00-14:30/15	Hópvinna, útivera, frjáls leikur, val.
14:20-15:00	Síðdegishressing, yngri deildir.
15:00-15:30	Kaffi-flæði, eldri deildir.
15:30-16:30	Frjáls leikur, val, hópavinna, útivera.

Í kaffi flæðinu ráða börnin hvenær þau fá sér að drekka, ganga síðan frá og fara frá borðinu þegar þeim hentar.

Á föstudögum er „gaman saman“ í sal, allir koma saman og syngja, deildirnar skiptast á að hafa umsjón með þeirri stund og eru með uppákomur, t.d. leiksýningar, dyggðir skólans ræddar og sungið fyrir afmælisbörn vikunnar.

Á vinafundum er m.a. talað um hvaða dagur er, veðurfræðingur valinn og athugað hvernig veðrið er og rætt um klæðnað. Það er farið yfir hvort það vanti einhvern í hópinn, hvort hann sé veikur, þá hugsað fallega til hans og jafnvel sungið fyrir hann vinalagið með von um skjótan bata. Í lok vinafundar velja börnin sér svæði og viðfangsefni.

Það er val í Arnarsmára sem er útfært þannig að á vinafundi ákveða börnin með kennurum sínum hvaða viðfangsefni verði í boði. Það geta eins margir og vilja valið hvert viðfangsefni og það má skipta um viðfangsefni/stað þegar vill. Þetta á við börn frá þriggja ára.

Á yngri deildum fer fram mun einfaldara val en á eldri deildum.

Á föstudögum er opið flæði, þ.e. í vali er allur skólinn í boði, þar með talið útileiksvæðið.

Umhverfisvernd er í hávegum höfð í Arnarsmára og hefur skólinn flaggað Grænfánanum frá árinu 2010. Börnin eru virk í umhverfisstarfinu, taka þátt í flokkun og moltun og mikil endurvinnsla fer fram með þeim. Gullmólarnir skipa umhverfisráð sem ræðir stöðu mála. Starfsmenn og börn eru meðvituð um endurnýtingu og verndun jarðar. Umhverfisnefnd sem skipuð er einum kennara af hverri deild, einum fulltrúa foreldra og matráði kemur saman einu sinni í mánuði á fimm vikna fresti þar sem farið er yfir stöðuna í umhverfismálum.

Gullmolar skipa kór skólans og eru kóræfingar einu sinni í viku. Kórinn kemur fram við ýmis tækifæri, fyrir foreldra o.fl.

Í Arnarsmára er lögð áhersla á að börn sem njóta sérkennslu fái notið hennar í barnahópnum, í smærri eða stærri hópum að svo miklu leyti sem hægt er. Sérkennslustjóri heldur utan um sérkennsluna ásamt deildarstjórum.



### 3 Starfsáætlun næsta leikskólaárs

#### 3.1 Leikskólastarfið

Næsta skólaár verður uppeldisstarfið með hefðbundnum hætti; frumkvæði, vinátta og gleði höfð að leiðarljósi í öllu starfinu. Dyggðir verða iðkaðar og útinám barnanna í hávegum haft. Landslag verður þema Grænánaverkefnisins næstu tvö ár.

Börn og kennarar fylgjast með nærumhverfi skólans, hvað er náttúrulegt og hvað er manngert. Móinn við hlið skólans hefur verið mikið nýttur til leikja og kennslu en er nú að byggjast upp sem íbúðabyggð. Auðvelt er að fylgjast vel með þessum breytingum á landslagi. Einnig verða örnefni í nágrenni skólans skoðuð og fylgst verður með Esjunni á öllum árstímum, bæði frá skólanum og eins í ferðum.

Eins og fram hefur komið er fast þema í hverjum mánuði ár eftir ár og unnið með það á fjölbreyttan hátt í öllu starfi með börnunum.

*Uppbygging sjálfsaga - uppeldi til ábyrgðar* verður sýnilegt í fræðslu og starfi skólans og halda kennarar áfram að sækja námskeið og miðla hver til annars reynslu, þekkingu og árangri í þeim efnum.

Útikennslan, vinnan með dyggðir, umhverfisstarf og annað starf skólans flokkast ekki undir umbótastarf en er þó alltaf í þróun.

Opnunartími skólans var stytur um hálf klst í ágúst 2018, þ.e. lokað er kl. 16:30 vegna þess að eftisókn eftir lengri viðveru var ekki til staðar nema hjá einu barni.

#### 3.2 Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir

Í skólanum hafa með tímanum myndast ákveðnar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu leikskólans. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun.

Á *afmælisdögum barnanna* er fáni dreginn að húni. Barnið útbýr sjálft eða með kennara afmælistórónu og sunginn er afmælistöngurinn. Barnið fær að velja hvað það vill gera í afmælinu (velja bók, lag, vera umsjónarmaður, gefa ávexti í ávaxtastund o.fl.). Barnið fær einnig að velja hvort það heldur afmælið inni eða utandyra.

*Uppskeruhátíð* er í september, á *Degi íslenskrar náttúru*. Þá er farið í skrudgöngu um garðinn með skóflur og fötur, tekið upp úr matjurtagarðinum og boðið er upp á nýjar kartöflur með hádegisverðinum á meðan birgðir endast.

Þann 16. nóvember, á *Degi íslenskrar tungu*, koma allir saman í sal og eitthvað þjóðlegt er gert. Skapast hefur hefð fyrir því að kennarar sýni leikritið um Búkollu.

Á *fullveldisdaginn 1. desember* er sameiginlegt hátíðarborðhald í fánaskreyttum sal og sungið undir borðum.

Ýmsar hefðir hafa myndast í kringum jól, t.d. *aðventustundir*; þá safnast allir saman í sal og kveikt er á kertum á aðventukransi og sungin jólalög. Ein aðventustund er haldin utandyra og foreldrum boðið að vera með. Eldri borgurum í Gullsmára er boðið í eina aðventustund og kaffisþjall.

Í byrjun desember er *jólavíka* í Arnarsmára. Þá eru ákveðin viðfangsefni lögð fyrir öll börn skólans sem tengjast jólum, þ.e. í listasmiðju er útbúið jólaföndur, í matsal bakaðar piparkökur, í holukubbum eru æfðir jóladansar fyrir jólaballið og í leiksmiðju er hlustað á jólasögu og farið er í ljósagöngu.

Í desember fara Gullmolar í *Sívertsenhús* í Hafnarfirði og fræðast um jólahald í gamla daga. Garpar fara í *Grasagarðinn* í Laugardal, dansa þar úti í kringum skreytt jólatré,

skoða uppsett jólaguðspjall með brúðum í garðhýsi sem þar er og hlusta á jólasögu, borða epli og drekka heitt kakó. Grallarar fara í *ævintýraferð* um hverfið t.d. með kakó og piparkökur.

*Jólaball* er haldið þar sem öll börn leikskólans syngja saman og dansa í kringum jólatréð, jólasveinar koma í heimsókn og gefa börnunum pakka, sem foreldrafélagið leggur til.

*Leiksyning* er alltaf í desember í boði foreldrafélagsins.

*Kirkjuferð* er farin í Digraneskirkju fyrir jól.

Þegar Skyrgámur kemur til byggða er skyr í matinn og þegar Bjúgnakrækir kemur eru bjúgu á boðstólum. Á Þorláksmessu er borðuð skata.

Á *þrettándanum* er hátíð þar sem m.a. er kveikt upp í útieldestæðinu.

Þann 7. janúar á *leikskólinn afmæli*, þá er flaggað og boðið upp á afmælisköku í síðdegishressingu, glens og gaman, Arnarsmári verður næst 21 árs.

*Porrablót* er haldið á bóndadaginn með viðeigandi mat, börnin bera víkingahjálma sem þau hafa föntrað.

Öfum og pöbbum er boðið í morgunmat á *bóndadaginn*, boðið er upp á hafragraut, lýsi, slátur og hákarl.

Föstudaginn fyrir *konudag* er ömmum og mömmum boðið í morgunmat, þá er boðið upp á heit rúnstykki, ost, marmelaði og ávexti. Kór skólans syngur nokkur lög við bæði þessi tækifæri.

Á *bolludag* eru bollur í hádegi og rjómbollur í síðdegishressingu að íslenskum sið.

Á *Degi leikskólans* 6. febrúar, er Stóri læsisdagurinn annað hvert ár og

Stærðfræðidagurinn mikli hitt árið. Foreldrum er boðið í heimsókn yfir daginn.

Á Stærðfræðideginum mikla sem er inni eru sett upp 10 stærðfræðitengd verkefni í matsal og þrír elstu árgangarnir fara á milli í ca. átta barna hópum og spreyta sig.

Yngri börnin gera einnig ýmis stærðfræðitengd verkefni inni á deildum. Þegar stærðfræðidagurinn er úti fara deildarnar á milli svæða þar sem stærðfræðitengd verkefni eru.

Stóri læsisdagurinn er skipulagður á sama hátt og stærðfræðidagurinn nema með læsisverkefnum. Á læsisdeginum eru hóparnir aldurshreininir en þvert á deildir á stærðfræðideginum, nema á yngri deildum.

Á *sprengidag* er saltkjöt og baunir í hádegismat, þann dag eru kennarar með leiksyningu fyrir börnin.

Á *öskudag* er öskudagsball þar sem poppið/snakkið er slegið úr tunnunni, börn og kennarar klæðast furðufötum og það er dansað. Vikuna fyrir þessa daga er sett upp smíðja í matsal þar sem börnin geta útbúið sér bolluvönd, hatta og grímur.

Þrír elstu árgangar skólans hafa *leynivínaviku* tvisvar á ári.

„*Arnarsmári á iði*“ er einu sinni á ári. Þá eru fimm stöðvar í gangi í útivist kl. 09:45-10:45, bæði inni á leikskvæði skólans og á svæðum í kring. Hver deild fer á hvert svæði.

Á *Degi umverfisins*, 25. apríl, er hreinsunardagur í skólanum, þ.e. garðurinn og nánasta umhverfi hans er hreinsað.

Kartöflur og annað grænmeti er sett niður í lok maí og hlúð að því yfir sumarið.

*Listavika* er fastur liður á vorönn. Allt starf er þá brotið upp og fá sameiginleg svæði skólans ný og breytt hlutverk. Mikil sköpun á sér stað á öllum svæðum; leiklist,

myndlist, tónlist, sögugerð o.fl. Í listavíkunni er unnið út frá þörfum

Uppbyggingarstefnunnar; frumkvæði, vináttu, gleði, öryggi og frelsi.

*Opið hús* er í skólanum, (ein deild í einu) á vorönn, þá er m.a. afrakstur listaviku og vetrarstarfsins sýndur foreldrum.

*Sveitaferð* er farin í maí. Ferðin er samvinnuverkefni foreldrafélagsins og leikskólans.

Hefð er fyrir því að fara að Bjartheyjarsandi í Hvalfirði og upplifa bæði sveit og fjöru. Foreldrum og systkinum er boðin þátttaka.

*Útskriftarhátið* elstu barnanna í Arnarsmára er í maí. Fjölskyldum þeirra er boðið í leikskólann kl. 16.00, börnin syngja nokkur lög og dansa og fá svo svo er afhent útskriftarskjal. Síðan er boðið upp á vöffur með rjóma.

*Útskriftarferð* er farin með elstu börnin í maí.

*Vorhátið* er haldin í maí-júní. Hún fer fram úti í garði seinnipart dags, foreldrar og fjölskyldur barnanna taka þátt í hátiðinni og er farið í ýmsa leiki og þrautir, börnin syngja fyrir foreldra og það fer fram keppni á milli barna og foreldra í reiptogi. Börnin vinna að sjálfsögðu og fá að launum viðurkenningu. Hátiðin endar með veitingum í boði foreldrafélagsins.

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður árlega á tónleika í Hörpunni sem Garpar eða Gullmolar fara á.

Bókasafnið og Náttúrufræðistofa Kópavogs eru heimsótt reglulega, einnig fleiri söfn í nágrennasveitarfélögum.

Þetta er í meginatriðuðum það sem hefð er komin á í Arnarsmára og fellur undir þennan kafla.

Þetta er ekki tæmandi upptalning en sjá má að af nógu er að taka.

### **3.3 Þróunar- og nýbreytnistarf**

Tras er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Með skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. Byrjað verður að nota þennan lista á næsta skólaári. Allir deildarstjórar hafa farið á námskeið til að læra að nota hann. Listinn verður einnig grunnur að einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn skólans.

Með þessu sjá kennarar fram á markvissara starf með öllum börnum, jafnframt aukna samvinnu á milli heimilis og skóla.

Arnarsmári tekur þátt í þróunarverkefni sem nefnist Snemmtæk íhlutun. Verkefnið kemur að máli og læsi sem Ásthildur Snorradóttir er verkefnisstjóri fyrir. Fjórir leikskólar taka þátt og er fyrra árinu af tveimur nú lokið. Tveir kennarar skólans halda utan um verkefnið í Arnarsmára og stefnt er að útgáfu handbókar á næsta skólaári áður en verkefninu lýkur formlega.

## **4. Starfsmenn**

### **4.1 Starfsmannastefna**

Í Arnarsmára er lögð rík áhersla á gott samstarf allra starfsmanna, sem er í anda stefnu skólans, þ.e. vinnu með vináttuna og Blæ, dyggðirnar og Uppbyggingarstefnuna.

Mannauður er nýttur eftir föngum og þáttökustjórnun er við lýði.

Gerðar hafa verið vinnulýsingar um mjög marga starfsþætti skólans. Þær stuðla að kynningu fyrir alla á hvernig hefðir og venjur eru um hina ýmsu verkþætti, það auðveldar mjög samhæfingu í starfi.



## **4.2 Áherslur í samstarfi svo sem handleiðsla, starfsmannasamtöl og móttaka nýrra starfsmanna**

Lögð hefur verið áhersla á gott samstarf í Arnarsmára allt frá upphafi. Er þá átt við allt samstarf; á milli starfsmanna, við foreldra, við börnin og aðra.

Til að efla samstarfið enn frekar hefur verið bryddað upp á ýmsu í starfsmannahópnum, m.a. hafa verið leynivínaveikur tvisvar á ári.

Heilsueflingarátak/keppni á meðal starfsmanna er á hverju ári sem er líflegt og skemmtilegt.

Leikskólastjórar Arnarsmára, Lækjar, Dals og Núps eru saman í handleiðsluhópi sem hittist nokkrum sinnum yfir vetrarmánuðina og aðstoðarleikskólastjórar sömu skóla gera slíkt hið sama. Deildarstjórar þessara skóla mynduðu einnig handleiðsluhópa sín á milli en hafa ekki verið mjög virkir. Sérkennslustjóri Arnarsmára er í handleiðsluhópi með nokkrum sérkennslustjórum úr öðrum skólum í Kópavogi. Starfsmannasamtöl eru á vorönn.

Leikskólastjóri segir nýjum kennurum frá starfsemi leikskólans í grófum dráttum áður en hver og einn byrjar og sýnir þeim skólann og útbúinn hefur verið starfsmannabæklingur með því helsta sem nýir starfsmenn þurfa að vita. Að öðru leyti er þjálfun þeirra í höndum viðkomandi deildarstjóra og kennara á deildinni. Nýir kennarar eru hvattir til að lesa kynningarbækling leikskólans, skólanámskrá hans, Aðalnámskrá leikskóla og annað efni t.d. um leikinn og þema, skýrsluna um þróunarverkefni o.fl.. Leikskólastjóri ásamt verkefnastjóra og deildarstjóra heldur stutt námskeið á hausti um einstaka þætti starfins eins og áherslur í hvernig unnið er með læsi, stærðfræði o.fl. í skólanum.

Fræðslumorgnar eru orðnir fastir í sessi í skólanum en þeir eru fyrsta föstudag í mánuði í kaffítímum kennara. Þá eru einhverjir kennarar skólans með lítið innlegg og fræðslu um ákveðna þætti í starfinu og/eða segja frá námskeiðum sem þeir hafa sótt og umræður á eftir. Kaffítímar eru lengdir um 10 mínútur þessa morgna.

Umræðutímar í stað fræðslumorguns verða þrisvar á ári þar sem rætt verður um Uppbyggingarstefnuna í kaffítímum starfsfólks.

## **4.3 Samsetning starfsmannahópsins**

Í starfsmannahópi Arnarsmára eru 14 leikskólakennarar en tveir af þeim verða í barnsburðarleyfi á næsta skólaári ásamt tveimur leiðbeinendum. Þess utan er einn grunnskólakennari sem klárar meistaranám í leikskólafræðum um næstu áramót og svo einn íþróttakennari.

Það eru 2 leikskólaliðar í hópnum og ætla tveir starfsmenn að hefja nám í leikskólafræðum á næsta skólaári. Það er mikil reynsla í hópnum, 40% starfsfólks hefur starfað í 10 ár eða meira.

Fjöldi stöðugilda ræðst að sjálfsögðu af aldursamsetningu barnanna og umfangi sérkennslu og útlit er fyrir að um 30 starfsmenn verði í skólanum að meðtöldu starfsfólki í eldhúsi sem er í 1.75% stöðu.

All nokkur stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi síðustu árin en nú eins og oft á haustin hætta nokkrir sem hefja nám sem hefur setið á hakanum.

## **4.4 Fundir**

Starfsmanna- og fagfundir næsta skólaár verða einn til tveir á hvorri önn.

Deildarstjórafundir eru haldnir á vinnutíma þrisvar til fjórum sinnum í mánuði. Stefnt er að því að hafa deildarfundir tvisvar í mánuði næsta skólaár og er þá samvinna á milli deilda með börnin á meðan.

Tveir foreldrafundir eru á hverju skólaári, annars vegar kynning á starfi skólans á haustin og hins vegar fundir fyrir nýja foreldra á vorin eða rétt áður en börnin byrja. Á nokkurra ára fresti hefur stjórn foreldrafélagsins staðið fyrir fræðslufundi fyrir foreldra í samvinnu við skólann.

#### **4.5 Skipulagsdagar**

Á næsta skólaári verða fimm skipulagsdagar. Eins og undanfarin ár eru þessir dagar samræmdir með grunn- og leikskólum í Smára- og Lindahverfi. Dagarnir sem ákveðnir voru fyrir næsta skólaár eru 12. október, 19. nóvember, 2. janúar, 19. mars og 17. maí.

#### **4.6 Símenntunaráætlun**

Kjarasamningar kveða á um sí- og endurmenntunaráætlun. Í Kópavogsbæ hefur verið ákveðið að allir starfsmenn skuli sækja a.m.k. 15 kennslustundir á hverju leikskólaári. Menntanefnd Kópavogsbæjar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Hafnarfjarðar og Mosfellsbæjar setur fram á hverju ári myndarlegan námskeiðsbækling sem er uppfullur af spennandi námskeiðum. Mörg önnur námskeið eru í boði og nýtt af kennurum Arnarsmára, t.d. skyndihjálparnámskeið og námskeið hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð og Endurmenntunardeild HÍ, hjá félaginu Uppeldi til ábyrgðar, Barnaheillumo.fl.

Mikil fræðsla er einnig innan skólans, kennarar skiptast á að halda fræðslumorgna einu sinni í mánuði, haldin eru þrjú klukkustundar löng fræðslunámskeið á haustin fyrir nýja starfsmenn um innra starf skólans.o.fl.

Ekki hefur verið vandkvæðum bundið að fá starfsmenn Arnarsmára til að sækja námskeið og fyrirlestra eða hefja skólagöngu. Sum námskeið eru þannig að þau höfða til ákveðins hóps innan skólans og hvetur þá leikskólastjóri viðkomandi til að sækja þau.

Á skipulags- og námskeiðsdögum eru stundum fengnir fyrirlesarar til að halda námskeið fyrir allan hópinn.

Aðstoðarleikskólastjóri skráir námskeiðssókn hvers og eins vegna símenntunar.

## **5. Börn**

### **5.1 Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift**

Í Arnarsmára eiga að vera 85 börn og aðaðlögun flestra nýrra barna byrjaði 20. ágúst. Árgangaskiptahátíð var 18. ágúst en þá flytjast börnin milli deilda. Breytingarnar sem fylgja því að flytja milli deilda eru kynntar fyrir foreldrum í tölvupósti í byrjun ágúst.

### **5.2 Sérkennsla**

Næsta skólaár er vitað um 6 börn sem tilheyra 1. og 2. flokki og er búið að úthluta þeim samtals 27 tímum. Í 3. og 4 flokki er vitað um 7 börn sem fá samtals 8,5 tíma í sérkennslu. Þetta gerir u.þ.b.4,5 stöðugildi vegna sérkennslu.

Málörvunarhópar verða fyrir þau börn sem þurfa sérstaklega á því að halda, þó nokkuð mörg börn eru ekki með íslensku sem móðurmál. Börn sem eru mjög óframfærin og feimin eru í sérstökum uppörvunarhópum. Einnig hafa verið sérstakar hreyfistundir fyrir börn sem hafa þurft á því að halda og verður það athugað í haust.

## **6 Foreldrasamstarf**

### **6.1 Stefna vegna foreldrasamstarfs**

Gott foreldrasamstarf er mjög mikilvægt í starfi leikskólans. Kennarar Arnarsmára leggja áherslu á að foreldrar upplifi sig velkomna í skólann og að þeir finni að kennurum sé annt um börn þeirra.

Samstarf kennara og foreldra á að byggja á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvors annars. Þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hver öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn.

Í Arnarsmára er mikil foreldrasamvinna bæði formleg og óformleg. Formleg samvinna eru einstaklingssamtöl, foreldrafundir og netpóstur en óformleg samvinna er t.d. dagleg samskipti þegar börnin koma og fara og upplýsingar skráðar á töflur í fataherbergjum. Miklar upplýsingar koma einnig fram á heimasíðu skólans. Foreldrum er velkomið að heimsækja skólann og taka þátt í starfinu að höfðu samráði við deildarstjóra.

### **6.2 Áherslur**

Leikskólaárið sem framundan er verður ekki frábrugðið liðnum árum hvað varðar áherslur í foreldrasamstarfi. Lögð er áhersla á að það samstarf sé gott, að foreldrar upplifi sig velkomna í skólann og að þeir finni að kennurum sé annt um börnin þeirra.

### **6.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu**

Með þeim áformum að vera með einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn sbr. kafla 3.3. er fyrirhugað að samstarf verði á milli foreldra og kennara með markmið í námi hvers barns. Öllum foreldrum verður sýnd námskráin í foreldraviðtölum og þar gefst tækifæri til að samræma aðferðir og áherslur í námi hvers barns á milli heimilis og skóla.

Um beina þátttöku foreldra í leikskólastarfinu er ekki að ræða. Þátttakan fer meira fram óbeint, t.d. með því að foreldrar koma með í sveitiferð, foreldrafélagið stendur fyrir föndurdegi fyrir jól, foreldrar fjölmenna á vorhátíð Arnarsmára, þeim er boðið í síðdegishressingu á haustönn og morgunverð á vorönn, opið hús að vori o.fl.

Foreldraráð veitir einnig aðhald og fylgist með hvort starfsáætlun og námskrá sé fylgt eftir.

Eins hafa foreldrar áhrif á starfið með því að koma með ábendingar og hugmyndir. Að sjálfsögðu er tekið tillit til óska foreldra innan skynsamlegra marka ef hægt er að koma því við. Könnun á viðhorfum foreldra til leikskólastarfsins er annað hvert ár.

Oftast eru gerðar einhverjar breytingar í kjölfar hennar.

Foreldrar eru hvattir til að vera lengur með börnum sínum í aðlögun, sérstaklega fyrsta daginn og taka þannig þátt í skólastarfinu og kynnast því.

Í kynningarbæklingi er tekið fram að foreldrar séu velkomnir í leikskólann og taka þátt í starfinu.

Á *Degi leikskólans* 6. febrúar er foreldrum boðið að koma hvenær sem er í skólann og staldra við eins lengi og þeir vilja og taka þátt í því starfi sem þá er í gangi. Ekkert er gert sérstakt til að taka á móti foreldrum. Töluvert hefur verið um að foreldrar nýti sér þetta.

Foreldrum er boðið á varðeld við útiöldstæðið og vera viðstödd aðventustund.

#### **6.4 Fræðsla og upplýsingar til foreldra**

Þegar börn í Kópavogi fá úthlutað plássi í leikskóla er þeim boðið á fræðslu- og kynningarfund hjá menntasviði Kópavogs.

Þegar ný börn byrja í Arnarsmára er fundur fyrir nýja foreldra þar sem leikskólastjóri kynnir starfið í leikskólanum og kynnir fyrir þeim Aðalnámskrá leikskóla og hvetur fólk til lesturs, hægt er að lesa hana á netinu. Skólanámskrá Arnarsmára er á heimasíðu skólans og eru foreldrar hvattir til að kynna sér hana.

Nýir foreldrar fá kynningarrit leikskólans afhent þegar börn þeirra byrja í skólanum, þar sem ýmsar hagnýtar upplýsingar eru um skólann, það er einnig hægt að finna á heimasíðu skólans.

Eins og fram kom í lið 5.1. er foreldrum kynntar þær breytingar sem verða þegar börnin flytjast á milli deilda.

Á haustin er foreldrafundur þar sem starf næsta leikskólaárs er kynnt. Sá fundur er haldinn að morgni dags.

Boðið er upp á foreldrasamtöl einu sinni til tvisvar á ári en þess á milli geta foreldrar alltaf beðið um samtöl ef þeir vilja.

Foreldrar eru hvattir til að lesa á upplýsingatöflur í fataherbergjum sem og aðrar auglýsingar sem eru þar.

Leitast er við að hafa heimasíðu skólans virka, setja inn reglulega myndir, upplýsingar og fréttir. Einnig fá foreldrar vikulega fréttir og upplýsingar sendar í netpósti.

#### **6.5 Kynning á leikskólanum**

Skólinn er að sjáfsögðu með heimasíðu og er það heilmikil kynning.

Allir foreldrar nýrra barna fá góða kynningu á starfi skólans.

Oft þykir kennurum ástæða til að skrifa í bjarblöðin um einhverja sérstaka atburði og senda myndir með og einnig hefur sjónvarp verið kallað til í nokkur skipti.

Kynning á skólanum í fjölmiðlum er ekki sett á dagskrá heldur eru tækifærin gripin.

Deildarstjóra senda netpósta til foreldra vikulega þar sem kynnt er hvað er á döfinni og það helsta sem gert var. Oft eru líka fróðleiksmolar látnir fylgja með.

#### **6.6 Foreldraráð og foreldrafélag**

Bæði foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við skólann. Í foreldraráði eiga að sitja a.m.k. þrjú foreldrar og leikskólastjóri. Hlutverk þess er að fylgjast með að skólinn starfi samkvæmt lögum og reglugerðum, starfsáætlun sé virt og eins þarf að bera undir ráðið ef breytingar verða gerðar á stefnu skólans eða aðrar stórtækar breytingar.

Komið er að miklum endurbótum á lóð skólans og á síðasta ári var ákveðið að umbætur myndu hefjast sumarið 2018. Sett var á laggirnar nefnd sem skipuð var garðyrkjustjóra bæjarins, landslagarkitekt, leikskólafulltrúa, leikskólastjóra, fulltrúa kennara og fulltrúa foreldra. Vinnu þessarar nefndar lauk um áramót og vonandi verður afrakstur þeirrar nefndarvinnu sýnilegur á næsta skólaári.

Starfsáætlun skólans á að berast leikskólanefnd bæjarins fyrir 1. september ár hvert og þá á foreldraráð að hafa kynnt sér hana og skrifað ummæli með til leikskólanefndar.

Foreldrafélagið í Arnarsmára er skipað u.þ.b. tveimur foreldrum af hverri deild og einum fulltrúa starfsmanna. Foreldrar í Arnarsmára hafa verið mjög virkir í öllu sem gert er á vegum skólans og foreldrafélagsins og mæta alltaf vel. Rukkað er einu sinni á ári í ferða- og skemmtisjóð og greiðir sá sjóður ýmsar ferðir, leikrit og fyrirlesara á foreldrafundi.

Einnig sér félagið um að útvega jólasveina á jólaball og greiða fyrir þá og kaupa smá pakka sem Sveinki gefur á ballinu.

Félagið stendur fyrir föndurdegi í byrjun aðventu fyrir börn og foreldra og sér stjórnin alfarið um föndur og veitingar nema leikskólinn býður upp á heitt súkkulaði og kaffi. Ef rekstarafgangur hefur verið hefur félagið stundum fært skólanum gjafir. Síðastliðin tvö skólaár hafa foreldraráð og foreldrafélag verið skipað sömu fulltrúum foreldra og gaf það ágætis raun, eftir er að taka ákvörðun um hvort svo verði aftur næsta ár.



## **7 Samstarf**

### **7.1 Samstarf við grunnskóla**

Arnarsmári er í formlegu samstarfi við Smáraskóla, ásamt leikskólanum Læk. Samstarfið fer þannig fram að kennarar skólanna hittast að hausti og ákveða hvernig heimsóknnum verði háttað næsta vetur. Nokkuð fast form er komið á þetta samstarf, fjórar gagnkvæmar heimsóknir eru yfir veturinn. Auk þess er ein heimsókn í Dægradvöl að vori.

### **7.2 Samstarf við aðra**

Leikskólinn er í samstarfi við félag eldri borgara í Gullsmára. Börnin fá að koma í söngstundir hjá þeim annan hvern föstudag yfir veturinn. Eldri borgurum er boðið í aðventustund í Arnarsmára.

Hefð er fyrir því að setja upp myndlistarsýningu á vorin í Gullsmára, félagsmiðstöð eldri borgara.

Samstarf er við leikskólafulltrúa, ráðgjafa, talmeinafræðing, iðjuþjálfara, sálfræðing og fleiri aðila eftir þörfum hverju sinni.

### **7.3 Nemar**

Á síðasta ári var einn meistaranemi í verknámí í Arnarsmaára en ekki er vitað um neinn nema á næsta skólaári, en hver veit nema það breytist?

Tveir starfsmenn skólans hyggjast hefja nám í leikskólakennarafræðum og einn deildarstjóri ætlar að hefja meistaranám ásamt öðrum leikskólakennara. Öll verða þau í vinnu með námi, fara í fjarnám.

## **8 Mat**

### **8.1 Matsaðferðir**

Ýmsar matsaðferðir eru notaðar hjá leikskólum Kópavogs. Foreldrakönnun fer alltaf fram annað hvert ár, starfsánægjukönnun meðal starfsmanna er einnig annað hvert ár. Heilbrigðiseftirlitið metur þrif í eldhúsi annað hvert ár. Innra starf og mat á búnaði er einnig metið, verið er nú að útbúa matslista sem meta allt starf innan hvers námssvið og er stefnt að því að eitt námssvið sé metið á hverju ári þannig að fjórða hvert ár er hvert þeirra tekið fyrir. Námssviðin sem um ræðir eru; heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi og læsi og samskipti.

Mat barna fer fram á hverju ári og eins er ástand lóðar metið hvert ár.

## 8.2 Matsaðferðir síðastliðins starfsárs og niðurstöður

Fyrirtækið Sýni ehf gerði mat á fjölbreytni og hollustu matseðla allra skóla í Kópavogi á vorönn 2018.

Er skemmst frá því að segja að allir þættir komu vel út í eldhúsi Arnarsmára, Heildareinkunn Arnarsmára var 9,8. Út úr 27 þáttum fengust 10 og 5 úr einum. Fékkst 10 út úr 27 þáttum og 5 út úr einum, sem sagt fengum einkunnina 98% gott.

### Mat barna – Vor 2018

18 börn úr tveimur elstu árgöngunum voru sett í þrjá rýnihópa ásamt tveimur kennurum. Tveir hópar voru aldurshreindir og einn blandaður. Farið var yfir fjóra þætti leikskólastarfsins:

Vinaverkefni Barnaheilla – Blær

Útivist / ferðir

Dyggðir / Uppbyggingarstefnan

Neysla - Grænánaverkefni

#### 1. Vinaverkefnið Blær.

Börnin þekktu verkefnið og það sem því tengdist. Þau nefndu mikilvægi þess að allir væru góðir hver við annan, væru vinir og léku sér saman. Það kennir okkur kurteisi og þolinmæði. Það kom fram að börnin mega nota hjálparbangsana ef þeim líður illa eða eru leið, þá mega þau knúsa þá, þau vilja gjarnan nota hjálparbangsana meira, hafa þá stundum með í leik. Þau töluðu um að myndirnar (spjöldin) kenni þeim/minni þau á hvernig þau eigi að haga sér og gott sé að tala um það sem er að gerast á myndunum. Kom fram hjá öllum hópum að nuddið sé gott og notalegt.

#### 2. Útivist / ferðir

Flest barnanna voru sammála um að allt væri skemmtilegt úti, meira pláss úti. Gaman að moka, klifra upp á þak, róla, gera snjóbolta, klifurgrindin skemmtileg. Mörg nefndu að skemmtilegast væri að fara í ferð. Mismunandi hvort þau vilja heldur langar ferðir eða stuttar og sum vilja fleiri ferðir en önnur færri. Einnig töluðu þau um að gaman væri að fara í leikfimi í Fífu eða Smára en sumum finnst svolítið erfitt að ganga upp brekkuna til baka í leikskólann. „Geðveikt gaman þegar það er brunaæfing því þá þarf að klæða sig svo lítið“.

#### 3. Dyggðir / Uppbyggingarstefnan

Börnin vita ýmislegt um dyggðirnar, geta þulið þær upp og tala um að ef þau hefðu ekki dyggðirnar væru þau örugglega bara að lemja hvert annað og kynnum ekki að hlýða (s.b.r. Agi og hlýðni). Sáttmálarnir sem þau gera sjálf eru líka mjög mikilvægir. Þar sé minnst á að við séum góðir vinir, þurfum að hjálpa hvert öðru, hlæja, vera glöð og leika saman. Þau tala líka um að það sé gott að þekkja sitt hlutverk, segja það skipta miklu máli.

#### 4. Neysla - Grænfánaverkefni

Börnin kannast ekki vel við hugtakið „neysla“ en muna eftir matarvigtnun og þekkja vel hugtakið „matarsóun“. Elstu börnin vita mun meira en yngri hópurinn um endurnýtingu og endurvinnslu og tala um endurunninn pappír, moltugerð, flokkun, o.fl.



#### Foreldrakönnun vor 2018

Send er út könnun til foreldra annað hvert ár þar sem foreldrar meta starf skólans. Niðurstöður úr foreldrakönnuninni sem flestir foreldrar tóku þátt í voru mjög góðar. Spurt var um rúmlega 20 atriði þar sem merkt var við einn af fjórum möguleikum og voru svörin þannig að 85-100% voru ánægðir eða mjög ánægðir.

Það sem foreldrar töldu helst ábótavant var lóð skólans en sem betur fer stendur það til bóta, framkvæmdir eru þegar hafnar.

Einnig var talað um þrengslin í fataherbergjunum og aðstöðu Gullmolanna.

Fataherbergin koma til með að verða óbreytt, þar veltur allt á góðri samvinnu og umgengni. Pöntuð hafa verið skilrúm fyrir Gulldeild til að afmarka þeirra svæði betur.

Aðgengi að vatnsdrykkju var lagað á þeim deildum sem þurfti, einhverjar deildir máttu taka sig á í að skrá á upplýsingatöflu í lok í dags og hefur það verið lagað.

Einnig var ábending um að það mætti sinna fjölmenningu betur og kom þá í ljós að þótt ýmislegt sé gert í þeim málum þá er það ekki nógu sýnilegt fyrir foreldra og verður gerð bragarbót á því á næsta skólaári.

Annars má segja að skólinn hafi fengið glimrandi niðurstöður og eru kennarar þakklátir fyrir hlý orð frá foreldrum í þeirra garð.

#### 8.3 Mat á starfsáætlun síðastliðins starfsárs og niðurstöður

Starfsáætlun síðasta skólaárs var mjög raunhæf og flest það sem þar var áætlað að gera, var gert. En eins og fram kemur í næsta kafla stóðst ekki nógu vel að fylgja eftir betra og meira starfi með hljóðfæri og stefnt er að gera betur næsta ár.

#### 8.4 Umbótaáætlun

Í starfsáætlun skólaársins 2017-2018 kom fram að kennarar Arnarsmára vilja gera betur hvað varðar að hafa hljóðfæri sem kost í leik og námi barnanna. Við endurmat á þeirri starfsáætlun kemur í ljós að enn vilja kennarar gera betur í þeim efnum svo enn er afráðið að gera betur næsta skólaár.

Skráningarlistinn Tras verður tekinn í notkun í byrjun næsta skólaárs en með honum er hægt að fylgjast með máltöku og félagsþroska tveggja til fimm ára barna. Má segja að sá listi sé stór þáttur í einstaklingsnámskrá hvers barns.

Þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun er nú hálfnað og er búið að gera áætlun um hvernig brugðist verður við þegar grunur vaknar um seinkaðan málþroska og eins ef um tvítyngd börn er að ræða. Byrjað verður að vinna eftir nýrri áætlun strax í byrjun næsta skólaárs.

## **9 Öryggismál**

### **9.1 Öryggisnefnd**

Í Arnarsmára eru bæði öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður. Þeirra hlutverk er að fylgjast með að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi starfsmanna sé í lagi.

### **9.2 Áfallaráð**

Í Arnarsmára er áfallaráð sem skipað er leikskólastjóra og tveimur öðrum kennurum skólans. Gerð hefur verið handbók sem ætluð er til að styðja kennara og starfsmenn og vísa veginn ef áföll verða hjá barni, kennurum/starfsmanni eða aðstandendum þeirra. Lögð er áhersla á að öll viðbrögð og áætlanir séu settar fram af nærgætni og festu.

### **9.3 Innra eftirlit**

Árlega er farið yfir neyðarlýsingu og skipt um perur og rafhlöður.

Einnig eru slökkvitæki og brunavarnarkerfi yfirfarin árlega.

Útileiksvæði er yfirfarið árlega af fyrirtæki sem heitir BSI á Íslandi. Kópavogsbær hefur einnig einn starfsmann sem kemur c.a þriðja hvern mánuð og fer yfir girðingar og leiktæki og lagfærir það sem þarf.

Heilbrigðiseftirlitið tekur þrífásýni í eldhúsi og fleiri stöðum.

Samkvæmt reglum eru öll svæði skólans, úti og inni, yfirfarin reglulega (daglega/vikulega/mánaðarlega) og ástand skráð.

Í Arnarsmára skiptast deildir á að fara yfir lóð skólans á hverjum morgni til að fyllsta öryggis sé gætt áður en útivist hefst.

### **9.4 Slys**

Í skólanum er til ítarleg vinnulýsing um hvernig skal bregðast við ef barn verður fyrir slysi, allir starfsmenn fara á skyndihjálparnámskeið á þriggja ára fresti.

Á síðastliðnu ári urðu sem betur fer engin stórslys í skólanum en slysaskráning er virk.

## **10 Lokaorð**

Síðastliðið skólaár gekk vel eins og alltaf en útlitið í september 2017 var ekki nógu gott hvað varðaði mönnun. Ekki tókst að ráða í allar stöður fyrr en um mánaðarmótin september /október og þurftu 5 börn að bíða í tvær vikur með að byrja aðlögun. En það rættist vel úr því og m.a. hófu tveir nýir kennarar störf síðar á haustönninni. Jákvæður og áhugasamur starfsmannahópur hefur verið gæfa skólans og er þar engin undantekning nú.

Farið var í námsferð til Brighton í Englandi í lok apríl. Þar var skoðaður einn skóli og svo var verið á námskeiði í Uppbyggingastefnunni í tvo daga.

Hópurinn kom glaður heim úr þeirri ferð og fólk tilbúið að tileinka sér og aðlaga starfið að því sem lært var.



Næsta skólaár verður vonandi jafn gott og fyrri ár en fimm kennarar fara í barnsburðarleyfi á haustdögum og nokkrir í nám.

En það ríkir bjartsýni í starfsmannahópnum, verið er að vinna í lóð skólans og það er mikil tilhlökkun að fá hana í gagnið.

Undirrituð gengur full bjartsýni inn í komandi leikskólaár og trúir því að enn sé hægt að gera enn betur þó ótrúlegt sé.



---

Brynja Björk Kristjánsdóttir  
Leikskólastjóri